

Sp.

361. Nefndarálit

[83. mál]

um till. til þál. um áætlanagerð í flugmálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar. Hafa henni borist umsagnir frá samgönguráðuneytinu og flugráði, sem báðar eru jákvæðar gagnvart þeirri hugmynd að láta semja fjögurra ára framkvæmda- og fjármagnsáætlun um flugmál. Í umsögn samgönguráðuneytisins kemur fram, að það hafi skömmu eftir að þingsályktunartillaga þessi var flutt skipað 5 manna nefnd til þess að gera úttekt á íslenskum flugvalla- og flugöryggismálum í heild og að í nýjum starfsreglum flugráðs sé gert ráð fyrir, að það geri heildaráætlun um framkvæmdir flugmála til 4 ára í senn.

Með vísan til framanritaðs telur nefndin, að tilgangi tillöguflutningsins sé náð, og leggur því samhljóða til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 23. febr. 1976.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Skaftason, frsm.
Jónas Árnason.	Magnús T. Ólafsson.	Ólafur G. Einarsson.